

REGLUGERÐ

um sveigjanlega notkun loftrýmis.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að auka skilvirka og samræmda nýtingu loftrýmisins með samvinnu milli almenningsflugs og herflugs þar sem komið er til móts við þarfir allra notenda að því marki sem mögulegt er.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir í lofthelgi Íslands og í því loftrými sem Íslandi hefur verið falin þjónusta í samkvæmt skuldbindingum og samningum á sviði þjóðaréttar.

3. gr.

Innleiðing.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2150/2005 frá 23. desember 2005 um sameiginlegar reglur um sveigjanlega notkun loftrýmis, sem vísað er til í 66y. lið XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2006 frá 22. september 2006 og birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 60 þann 30. nóvember 2006, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af reglugerð þessari, XIII. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin er birt sem viðauki með reglugerð þessari.

4. gr.

Ábyrgð á framkvæmd.

Flugmálastjórn Íslands fer með framkvæmd reglugerðar þessarar og skal hafa viðeigandi samráð við innlenda og erlenda aðila þar sem þess er þörf að mati stofnunarinnar.

5. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með vísan til 76. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, sbr. 5. tl. 2. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 88/2004, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 22. október 2007.

Kristján L. Möller.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

VIÐAUKI I

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2150/2005

frá 23. desember 2005

um sameiginlegar reglur um sveigjanlega notkun loftrýmis

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 7. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Sveigjanleg notkun loftrýmis er hugmynd að stjórnun loftrýmis sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) hefur lýst og Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol) þróað, en samkvæmt henni er loftrýminu ekki skipt upp í svæði sem eru annaðhvort ætluð til almenningsflugs eða herflugs heldur skal frekar líta á það sem heild þar sem komið skal til móts við kröfur allra notenda að því marki sem mögulegt er.
- 2) Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu hefur fengið umboð, í samræmi við 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, til að aðstoða framkvæmdastjórnina við að semja framkvæmdarreglur um sveigjanlega notkun loftrýmis. Þessi reglugerð tekur fullt tillit til skýrslunnar sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu gaf út í því sambandi 30. desember 2004.
- 3) Þessi reglugerð tekur ekki til hernaðaraðgerða og herþjálfunar sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.
- 4) Aðildarríkin hafa skuldbundið sig, með yfirlýsingu um hernaðarleg málefni í tengslum við samevrópska loftrýmið ⁽³⁾, að vinna saman að því að sjá til þess að allir notendur loftrýmis innan aðildarríkjanna beiti hugmyndinni um sveigjanlega notkun loftrýmis að fullu og með samræmdum hætti, að teknu tilliti til þarfa innlends herafla.

- 5) Í skýrslunni sem matseining innan Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu og Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu gáfu út í sameiningu í október 2001 er skýrt frá því að töluvert svigrúm sé til að bæta núverandi beitingu hugmyndarinnar um sveigjanlega notkun loftrýmis innan Evrópu. Því ber að samþykkja sameiginlegar reglur til að hrinda slíkum endurbótum í framkvæmd.
- 6) Hugmyndin um sveigjanlega notkun loftrýmis tekur einnig til loftrýmis yfir úthöfunum. Beiting hennar skal því vera með fyrirvara um réttindi og skyldur aðildarríkjanna, samkvæmt samþykktinni um alþjóðaflugmál (Chicago-samþykktinni) frá 7. desember 1944 og viðaukum við hana, eða Hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1982.
- 7) Sum starfsemi krefst þess að tiltekinn hluti loftrýmis sé tekinn frá til einkanota eða sérstakra nota um tiltekinn tíma, vegna eiginleika flugsniðs hennar eða hættu tengda henni og nauðsynjar þess að tryggja skilvirkan og öruggan aðskilnað frá annarri flugumferð.
- 8) Skilvirk og samræmd beiting á sveigjanlegri notkun loftrýmis í gervöllu Bandalaginu þarfnast skýrra og samræmdra reglna um samvinnu á sviði almenningsflugs og herflugs þar sem tillit skal tekið til þarfa allra notenda og eðlis mismunandi starfsemi þeirra.
- 9) Við skilvirka samvinnu um almenningsflug og herflug skal styðjast við reglur og staðla til að tryggja að allir notendur loftrýmisins noti það á skilvirkan hátt.
- 10) Brýnt er að auka samvinnu milli aðliggjandi aðildarríkjanna og að taka tillit til reksturs sem nær yfir landamæri þegar hugmyndinni um sveigjanlega notkun loftrýmis er beitt.
- 11) Mismunur á skipulagi samstarfs vegna almenningsflugs og herflugs í Bandalaginu takmarkar samræmda og tímanlega stjórnun loftrýmis. Mikilvægt er að tilgreina þá aðila og/eða stofnanir sem bera ábyrgð á beitingu hugmyndarinnar um sveigjanlega notkun loftrýmis í hverju aðildarríki. Aðildarríkin skulu fá aðgang að þessum upplýsingum.
- 12) Samræmdar verklagsreglur um samstarf á sviði almenningsflugs og herflugs og notkun sameiginlegs loftrýmis eru mikilvægar forsendur þess að stofnuð verði starfræn loftrýmisumdæmi eins og þau eru skilgreind í reglugerð (EB) nr. 549/2004.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.⁽²⁾ Stjótið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.⁽³⁾ Stjótið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 9.

- 13) Sveigjanleg notkun loftrýmis tekur til stjórnunar loftrýmis á skipulags-, forlausna- og úrlausnastigi, sem eru aðskildar en nátengdar stjórnunaraðgerðir og því er nauðsynlegt að framkvæma þær á samfelldan hátt til að tryggja skilvirka notkun loftrýmis.
- 14) Áætlanir um rekstrarstjórnun flugumferðar, sem eru í þróun sem samvinnuverkefni á evrópskum vettvangi, skulu gera kleift að samræma smám saman stjórnun loftrýma, flæðistjórnun flugumferðar og flugumferðarþjónustu.
- 15) Ef mismunandi flugstarfsemi, sem mismunandi kröfur gilda um, fer fram í sama loftrými skal leitast við að tryggja öryggi flugs og hámarksnýtingu tiltæks loftrýmis.
- 16) Nákvæmni upplýsinga um stöðu loftrýmis og sérstakar aðstæður flugumferðar svo og dreifing þessara upplýsinga í tæka tíð til flugumferðarstjóra fyrir almennt flug og herflug hefur bein áhrif á öryggi og skilvirkni starfseminnar.
- 17) Brýnt er að allir aðilar, sem óska eftir að nýta sér fyrirbyggjandi skipulag loftrýmis, hafi greiðan aðgang að uppfærðum upplýsingum um stöðu loftrýmis þegar þeir leggja inn flugáætlanir sínar eða leggja þær inn aftur.
- 18) Mikilvægt er að meta reglulega notkun loftrýmis til að auka traust milli þjónustuveitenda, sem annast almenningsflug og herflug, og notenda og er matið nauðsynlegt tæki til að bæta hönnun og stjórnun loftrýmis.
- 19) Í ársskýrslunni um beitingu hugmyndarinnar um sveigjanlega notkun loftrýmis, sem um getur í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004, skulu vera viðeigandi upplýsingar sem safnað er í ljósi upprunalegu markmiðanna og með það eitt í huga að koma betur til móts við þarfir notenda.
- 20) Setja skal ákvæði um aðlögunartímabil til að uppfylla kröfuna um að samræma flugumferðarþjónustudeildir fyrir almenningsflug og herflug og/eða herflugumferðarstjórnardeildir.
- 21) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými sem komið var á fót skv. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Ákvæði þessarar reglugerðar efla og samræma, innan samevrópsks loftrýmis, beitingu hugmyndarinnar um sveigjanlega notkun loftrýmis, eins og hún er skilgreind í 22. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, í því skyni að

auðvelda stjórnun loftrýmis og rekstrarstjórnun flugumferðar innan marka sameiginlegrar stefnu í flutningamálum.

Í þessari reglugerð eru einkum settar fram reglur til að tryggja betra samstarf milli deilda sem sjá um almenningsflug og herflug og bera ábyrgð á rekstrarstjórnun flugumferðar sem er starfrækt í tilteknu loftrými á ábyrgð aðildarríkjanna.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka, sem ákvörðuð voru með reglugerð (EB) nr. 549/2004, sem hér segir.

2. Til viðbótar við skilgreiningarnar, sem um getur í 1. mgr., er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „vinnuhópur um stjórnun loftrýmis“: vinnuhópur sem ber ábyrgð á daglegri stjórnun loftrýmis sem er á ábyrgð eins eða fleiri aðildarríkja,
- b) „frátekið loftrými“: tiltekinn hluti loftrýmis sem er tekinn frá tímabundið til einkanota eða sérstakra nota fyrir tiltekna notendahópa,
- c) „höft í loftrými“: ákveðinn hluti loftrýmis þar sem ýmis konar starfsemi, sem er hættuleg flugi loftfars, má fara fram á tilgreindum tíma („hættusvæði“) eða slíkt loftrými, sem er staðsett yfir landsvæði eða landhelgi ríkis þar sem flug loftfars takmarkast við tiltekna aðstæður („haftasvæði), eða loftrými sem er staðsett yfir landsvæði eða landhelgi ríkis þar sem flug loftfars er bannað („bannsvæði“),
- d) „skipulag loftrýmis“: tiltekinn hönnun hluta loftrýmis sem tryggir örugga og sem hagstæðasta starfrækslu loftfars,
- e) „flugumferðarþjónustudeild“: deild sem er ábyrg fyrir að veita flugumferðarþjónustu fyrir almennings- eða herflug,
- f) „samræming almenningsflugs og herflugs“: samræming milli aðila á sviði almenningsflugs og herflugs sem mega taka ákvarðanir og eru einhuga um hvernig eigi að framkvæma þær,
- g) „herflugumferðarstjórnardeild“: allar fastar eða hreyfanlegar herdeildir sem stjórna herflugumferð og/eða annast aðra starfsemi sem, vegna tiltekinna eiginleika sinna, krefst þess að loftrými sé tekið frá eða sett höft á það,

- h) „loftrými yfir landamæri“: skipulag loftrýmis sem nær yfir landamæri og/eða endimörk flugupplýsingasvæða,
- i) „fyrirhuguð flugslóð“: flugslóð og tengd fluggögn sem lýsa fyrirhugaðri leið loftfars til ákvörðunarstaðar ásamt leiðaruppfærslum,
- j) „flugslóð“: slóð loftfars í lofti sem er skilgreind í þremur viddum,
- k) „rauntími“: réttur tími sem ferli eða atburður á sér stað,
- l) „aðskilnaður“: fjarlægð á milli loftfara, flughæða eða ferla,
- m) „notendur“: almenningsloftfar eða herloftfar sem er starfrækt í loftrými og allir aðrir aðilar sem þurfa að nota loftrými.

3. gr.

Meginreglur

Hugmyndin um „sveigjanlega notkun loftrýmis“ skal byggjast á eftirfarandi meginreglum:

- a) samræma skal starfsemi borgaralegra yfirvalda og hermálafyrivalda á skipulags-, forlausna- og úrlausnastiginu með því að komast að samkomulagi um að auka öryggi og loftrýmisgetu og bæta skilvirkni og sveigjanleika í starfrækslu loftfara og setja verklagsreglur þar að lútandi,
- b) samræma skal stjórnun loftrýmis, flæðisstýringu flugumferðar og flugumferðarþjónustu og skal þeirri samræmingu viðhaldið á þeim þremur stigum stjórnunar loftrýmis, sem talin eru upp í a-lið, til að tryggja, í þágu allra notenda, hagkvæmni í skipulagningu, úthlutun og notkun loftrýma.
- c) þegar loftrými er tekið frá til einkanota eða til sérstakra nota fyrir tiltekna notendahópa skal það vera tímabundin ráðstöfun, sem einungis er beitt í takmarkaðan tíma byggt á raunverulegri notkun, og skal henni aflétt um leið og starfsemi, sem varð þess valdandi að loftrýmið var tekið frá, er hætt.
- d) aðildarríki skulu þróa með sér samstarf um skilvirka og samræmda beitingu hugmyndafræðingarinnar um sveigjanlega notkun loftrýmis yfir landamæri og/eða endimörk flugupplýsingasvæða og skulu þau einkum láta sig varða starfsemi yfir landamæri. Þetta samstarf skal taka til allra viðeigandi lögfræðilegra, rekstrarlegra og tæknilegra þátta,
- e) flugumferðarþjónustudeildir og notendur skulu nýta tiltækt loftrými eins vel og unnt er.

4. gr.

Skipulagsstig á sviði stjórnunar loftrýmis (1. stig)

1. Aðildarríkin skulu annast eftirfarandi verkefni:
- a) tryggja heildarbeitingu hugmyndafræðingarinnar um sveigjanlega notkun loftrýmis á skipulags-, forlausna- og úrlausnastigi,
- b) endurskoða reglulega þarfir notenda,
- c) samþykkja þá starfsemi sem krefst þess að loftrými sé tekið frá eða höft sett á það,
- d) skilgreina tímabundið skipulag loftrýmis og verklagsreglur til að gefa kost á fleiri möguleikum varðandi það hvernig loftrými er tekið frá og hvaða flugleiðir eru valdar.
- e) ákveða viðmiðanir og verklagsreglur þar sem kveðið er á um hvernig eigi að setja og nota stillanleg lárétt og lóðrétt mörk loftrýmis sem er nauðsynlegt til að unnt sé að gera ráð fyrir mismunandi frávikum frá flugslóðum og breytingar á flugum með skömmum fyrirvara,
- f) meta innlent skipulag loftrýmis og net flugleiða með það að markmiði að gera áætlun um sveigjanlegt skipulag loftrýmis og verklagsreglur,
- g) skilgreina þau sérstöku skilyrði þar sem ábyrgð á aðskilnaði milli almenningsflugs og herflugs hvílir á flugumferðarþjónustudeildunum eða herflugumferðar-deildunum,
- h) þróa notkun loftrýmis yfir landamæri í samvinnu við aðliggjandi aðildarríki ef flugumferð og starfsemi notenda krefst þess,
- i) samræma stefnu um stjórnun loftrýmis við samsvarandi stefnu aðliggjandi aðildarríkja til að annast í sameiningu notkun loftrýmis yfir landamæri og/eða endimörk flugupplýsingasvæða,
- j) ákvarða skipulag loftrýmis og veita notendum aðgang að því í nánu samstarfi og samræmi við aðliggjandi aðildarríki þar sem hlutaðeigandi skipulag loftrýmis hefur veruleg áhrif á umferð yfir landamæri og/eða endimörk flugupplýsingasvæða, í þeim tilgangi að tryggja hámarksnýtingu loftrýmis fyrir alla notendur í Bandalaginu,
- k) setja ásamt aðliggjandi aðildarríkjum sameiginlega staðla um aðskilnað milli almenningsflugs og herflugs vegna starfsemi sem nær yfir landamæri,

l) koma á fót samráðsvettvangi milli þeirra einstaklinga eða fyrirtækja sem um getur í 3. mgr. og allra hlutaðeigandi samstarfsaðila og fyrirtækja til að tryggja að komið sé til móts við þarfir notenda á tilhlýðilegan hátt,

m) meta og endurskoða verklagsreglur um loftrými og árangur af sveigjanlegri notkun loftrýmis,

n) koma á fyrirkomulagi til að safnvista gögn um beiðnir, úthlutun og raunverulega notkun skipulags loftrýmis til frekari greiningar og skipulagsvinnu.

Skilyrðin, sem um getur í g-lið, skulu skráð og tekið skal tillit til þeirra í öryggismatinu sem um getur í 7. gr.

2. Í þeim aðildarríkjum, þar sem bæði borgaraleg yfirvöld og hermálafyrirvöld bera ábyrgð á eða taka þátt í stjórnun loftrýmis, skulu þau í sameiningu hrinda verkefnum, sem um getur í 1. mgr. í framkvæmd.

3. Aðildarríkin skulu tilgreina þá einstaklinga eða fyrirtæki, sem eru ábyrg fyrir framkvæmd verkefnanna sem talin eru upp í 1. mgr., og tilkynna framkvæmdastjórninni um það. Framkvæmdastjórnin skal halda skrá yfir alla þessa einstaklinga eða fyrirtæki og birta hana í þeim tilgangi að efla samstarfið milli aðildarríkjanna.

5. gr.

Forlausnarstig á sviði stjórnunar loftrýmis (2. stig)

1. Aðildarríkin skulu skipa eða koma á fót vinnuhópi um stjórnun loftrýmis til að úthluta loftrými í samræmi við skilyrðin og verklagsreglurnar sem skilgreindar eru í 1. mgr. 4. gr.

Í þeim aðildarríkjum þar sem bæði borgaraleg yfirvöld og hermálafyrirvöld bera ábyrgð á eða taka þátt í stjórnun loftrýmis, skal þessi vinnuhópur starfa sameiginlega á vettvangi borgaralegra yfirvalda og hermálafyrivalda.

2. Tveimur eða fleiri aðildarríkjum er heimilt að koma á fót sameiginlegum vinnuhópi um stjórnun loftrýmis.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að innleidd verði viðunandi stuðningskerfi til að gera vinnuhópi um stjórnun loftrýmis kleift að stjórna úthlutun loftrýmis og að tilkynna öllum hlutaðeigandi notendum tímanlega um tiltækileika loftrýmis svo og vinnuhópum um stjórnun loftrýmis, þjónustuveitendum á sviði flugumferðar og öllum hlutaðeigandi samstarfsaðilum og fyrirtækjum.

6. gr.

Úrlausnastig á sviði stjórnunar loftrýmis (3. stig)

1. Aðildarríkin skulu tryggja að komið verði á samræmdum verklagsreglum á sviði almenningssflugs og herflugs og

samskiptum á milli viðeigandi flugumferðarþjónustudeilda og herflugumferðarstjórnardeilda til að unnt sé að skiptast á gögnum um loftrými með hliðsjón af því að virkja, gera óvirkt eða endurúthluta loftrými á rauntíma sem var úthlutað á forlausnastiginu.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að viðkomandi herflugumferðarstjórnardeildir og flugumferðarþjónustudeildir skiptist á upplýsingum um hvers konar breytingar á fyrirhugaðri virkjun flugrýmisins í tæka tíð og á skilvirkan hátt og tilkynni öllum hlutaðeigandi notendum um núverandi stöðu loftrýmisins.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að settar verði samræmdar verklagsreglur og innleitt verði samskiptastuðningskerfi milli flugumferðarþjónustudeilda og herflugumferðarstjórnardeilda til að tryggja öryggi samskipta milli almenningssflugs og herflugs.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að settar verði samræmdar verklagsreglur um flugumferðarþjónustudeildir á sviði almenningssflugs og herflugs þannig að unnt sé að hafa bein samskipti með viðeigandi upplýsingar til að finna lausn á sérstökum flugumferðaraðstæðum þar sem flugumferðarstjórnar, sem annast almenningssflug og herflug, veita þjónustu í sama loftrými. Þessum viðeigandi upplýsingum skal komið á framfæri, einkum þar sem þess er krafist af öryggisástæðum, við flugumferðarstjóra sem annast almenningssflug og herflug og herflugumferðarstjórnardeildir með því að skiptast á fluggögnum í tæka tíð, þ.m.t. staða og fyrirhuguð flugslóð loftfarsins.

5. Þar sem starfsemi á sér stað yfir landamæri skulu aðildarríkin tryggja að samþykktar verði sameiginlegar verklagsreglur til að finna lausn á sérstökum flugumferðaraðstæðum og til að bæta stjórnun loftrýmis á rauntíma milli viðkomandi flugumferðarþjónustudeilda fyrir almenningssflug og herflug og/eða herflugumferðarstjórnardeilda.

7. gr.

Öryggismat

Til að viðhalda fyrirliggjandi öryggisstigi eða hækka það skulu aðildarríkin tryggja að öryggismat fari fram, í tengslum við öryggisstjórnunarferli, þ.m.t. hættugreining, áhættumat og ráðstafanir til að draga úr áhættu, áður en þau gera einhverjar breytingar á framkvæmdinni um sveigjanlega notkun loftrýmis.

8. gr.

Skýrslugjöf

Við árlega skýrslugjöf um beitingu hugmyndarinnar um sveigjanlega notkun loftrýmis, sem um getur í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004, skulu aðildarríkin leggja fram upplýsingarnar sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð.

9. gr.

Samræmisefirlit

Aðildarríkin skulu fylgjast með að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar með því að láta fara fram skoðanir, kannanir og öryggisúttektir.

10. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 6. gr. skulu taka gildi 12 mánuðum eftir gildistökuðag þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. desember 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jacques BARROT

varaforseti.

VIDAUKI

**SKRÁ YFIR UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ BIRTAST Í ÁRSSKÝRSLU UM BEITINGU HUGMYNDARINNAR
UM SVEIGJANLEGA NOTKUN LOFTRÝMIS**

- Almenn lýsing á innlendu fyrirtæki og hvernig skyldustörf þess dreifast á 1., 2. og 3. stig að því er varðar hugmyndina um sveigjanlega notkun loftrýmis.
- Mat á framkvæmd samninga, verklagsreglna og stuðningskerfa sem komið var á fót á skipulags-, forlausna- og úrlausnastigi stjórnunar loftrýmis. Þetta mat skal fara fram með tilliti til öryggis, loftrýmisgetu, skilvirkni og sveigjanleika allra notenda við starfrækslu loftfara.
- Vandamál sem koma upp við framkvæmd þessarar reglugerðar, aðgerðir sem gripið er til og nauðsynlegar breytingar.
- Niðurstöður úr skoðunum innanlands, könnunum og öryggisúttektum.
- Samstarf aðildarríkjanna um stjórnun loftrýmis og einkum í tengslum við að koma á og stjórna loftrými yfir landamæri og starfsemi yfir landamæri.

B-deild – Útgáfud.: 13. nóvember 2007